




Árstíðabundna influénsan veturinn 2016–2017

Árstíðabundna influénsan veturinn 2016–2017 hófst í árslok 2016, náði hámarki í febrúar, í vikum 5–8, og var nánast afstaðin í byrjun maí 2017.

Influénsan stafaði af influénsuveiru A (H3N2) í 94% tilvika en af völdum influénsuveiru B í 4% tilvika sem birtist fyrst í lok faraldursins. Influénsan fylgdi mynstrinu á meginlandi Evrópu í aðalatriðum en þar var hún nokkrum vikum á undan influénsunni hér á landi.

Influénsa af völdum A(H3N2) var einnig yfirgnæfandi á meginlandi Evrópu. Samkvæmt Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) benda bráðabirgðaniðurstöður á 38% virkni influensubóluefnisins gegn árstíðabundnu influénsunni af völdum A (H3N2) þegar horft er til allra aldurs-



hópa. Virkni var nokkrum minni fyrir þá sem voru eldri en 65 ára.

Útbreiðsla sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi

Á grundvelli tillögu stjórnskipaðrar samstarfsnefndar um sóttvarnir (SSUS) og Atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytis, skipaði heilbrigðisráðherra samstarfshóp í október 2016 sem hafði það hlutverk að koma með

tillögur að aðgerðum sem miða að því að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería hér á landi og annast eftirlit með þeim, einkum í matvælum.

Samstarfshópin skipuðu sóttvarnalæknir sem var formaður, yfirdýralæknir

og deildarstjóri bakteríu-, sníkjudýra- og meinafræðisviðs Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Framh. bls. 2

Efni:	bls.
Árstíðabundna influénsan veturinn 2016–2017	1
Útbreiðsla sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi	1
Kynsjúkdómar	2
Viðbrögð við aukningu á kynsjúkdómum	3
Ráðleggingar um meðferð algengra sýkinga utan spítala	4
Mengun frá kísilverksmiðju í Helgúvík	4

Ritstjórn
Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, ábm.
Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Hrafnhildur B. Stefánsdóttir
Íris Marelsdóttir
Júlíana Héðinsdóttir
Kamilla Jósefsdóttir

Ritstjóri
Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi

**Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir**

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 5101900
Bréfasími 5101920
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is

Starfshópurinn skilaði álitinu sínu þann 12. apríl 2017 og lagði þar til að:

1. Stjórnvöld á Íslandi marki sér opinbera stefnu um málefni sem tengjast ónæmi gegn sýklalyfjum og sníkjudýralyfjum.
2. Árlega verði gefin út skýrsla um sýklalyfjaónæmi og sýklalyfjanotkun hér á landi.
3. Innleidd verði stefna um skynsamlega notkun sýklalyfja hjá mönnum.
4. Innleidd verði stefna um skynsamlega notkun sýklalyfja hjá dýrum.
5. Styrkt verði eftirlit með sýklalyfjaónæmum bakteríum í dýrum og í matvælaframleiðslu.
6. Styrkt verði eftirlit með sýklalyfjaónæmum bakteríum í matvælum.
7. Gerð verði heildstæð endurskoðun

á notkun sníkjudýralyfja hér á landi.

8. Gerðar verði rannsóknir á tilvist sýklalyfjaónæmra baktería í umhverfi.
9. Auknar verði skimanir fyrir sýklalyfjaónæmum bakteríum á sjúkrahúsum og hjá skilgreindum áhættuhópum.
10. Unnið verði að því að minnka áhættu á dreifingu sýklalyfjaónæmra baktería með ferðamönnum í ferðamannaíðnaði.

Ráðstefnan var haldin í tilefni af heimsókn sendinefndar EFSA til Íslands.

Á ráðstefnunni greindi forstjóri EFSA frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu og hvernig stuðla megi að auknu matvælaöryggi með evrópskri samvinnu.

Á ráðstefnunni greindu sóttvarnalæknir og yfirdýralæknir frá sýklalyfjaónæmi á Íslandi og niðurstöðum íslenska starfshópsins sem falið var að leggja fram tillögur um varnir gegn sýklalyfjaónæmi hérlendis.

Ráðstefna um baráttuna gegn sýklalyfjaónæmi

Matvælastofnun og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) boðuðu til ráðstefnu um baráttuna gegn sýklalyfjaónæmi mánudaginn 15. maí 2017.




Kynsjúkdómar

Fjöldi þeirra sem greinast með sárasótt, HIV, lekanda og klamydíu er mikill líkt og undanfarin ár.

Sárasótt

Fyrstu 5 mánuði ársins 2017 hefur sárasótt sótt talsvert í sig veðrið umfram það sem sést hefur síðastliðin ár. Á þessu ári hafa 16 karlmenn og sjö konur greint með sárasótt.





Lekandi

Fyrstu sex mánuði ársins 2017 greindist enn talsverður fjöldi einstaklinga með lekanda en þeim hefur þó fækkað frá fyrra ári. Karlar eru enn í meirihluta þeirra sem hafa greinst á þessu ári eða 20 en 13 konur hafa greinst á sama tíma. Ónæmi lekanda fyrir sýklalyfjum er vaxandi vandamál víða um heim. Fjölónæmir stofnar lekandabaktería hafa enn sem komið er ekki greinst hér á landi.

Klamydía

Fjöldi klamydíusýkinga er enn mjög mikill fyrstu sex mánuði ársins 2017 eins og árin á undan. Af þeim sem hafa greinst á þessu ári eru 303 karlar en 433 konur.




HIV-sýking

Fjöldi þeirra sem greinst hafa með HIV-sýkingu fyrstu sex mánuði ársins 2017 er minni en árið 2016 en nær því sem greindist árin þar á undan. Af þeim átta sem greinst hafa á þessu ári eru þrír samkynhneigðir, þrír fíkniefnaneytendur og tveir gagnkynhneigðir. Þrír eru af erlendu bergi brotnir og tveir af þeim voru með þekktu HIV-sýkingu fyrir komu til landsins. Sjö hinna sýktu eru karlmenn.

Viðbrögð við aukinni tíðni kynsjúkdóma

Eins og áður hefur komið fram skipaði heilbrigðisráðherra í mars síðastliðnum starfshóp til að stemma stigu við útbreiðslu kynsjúkdóma og HIV/alnæmis hér á landi. Starfshópurinn hefur haft samráð við fulltrúa HIV-Íslands, forsvarsmenn Samtakanna 78, ásamt aðilum sem sinna ýmsu forvarnarstarfi hér á landi.

Miðað er við að haustið 2017 skili hópurinn tillögum til heilbrigðisráðherra um aðgerðir til að sporna við útbreiðslu kynsjúkdóma.



Ráðleggingar um meðferð algengra sýkinga utan spítala

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur í samvinnu við sóttvarnalækni og sýkla- og veirufræðideild Landspítala gefið út bækling með ráðleggingum um meðferð algengra sýkinga utan spítala.

Bæklingur þessi er þýðing úr sænskum leiðbeiningum sem gefnar hafa verið út af Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) og Lyfjastofnun Svíþjóðar.

Leiðbeiningarnar eru lagaðar að íslenskum aðstæðum enda er nokkur munur á

næmi baktería og lyfja sem skráð eru hérlandis.

Leiðbeiningarnar snúa að meðferð á miðeyrnabólgu, skútabólgu, hálskirtlabólgu, sýkingum í neðri öndunarvegum, þvagfærasýkingum hjá konum, sem og húð- og mjúkvæfjasjúkdómum.

Ráðleggingar þessar snúa fyrst og fremst að sjúklingum utan spítala sem ekki eru með alvarlegan undirliggjandi sjúkdóm.



Þýtt úr sænsku og staðfært. Birt með leyfi:



Mengun frá kísilverksmiðju í Helguvík

Umræða um heilsuspillandi áhrif mengunar frá kísilverksmiðju *United Silicon* í Helguvík sem tók til starfa 11. nóvember 2016 hefur verið stöðug frá þeim tíma og einkum tengst rekstrarörðugleikum á brennsluofnum.

Frá upphafi hefur sóttvarnalæknir hvatt íbúa í nærumhverfi verksmiðjunnar, sem telja sig verða fyrir heilsuspillandi áhrifum af völdum mengunar frá henni, að leita til lækna heilsugæslunnar til að fá mat á sínum einkennum. Sóttvarnalækni hafa borist bæði formlegar og óformlegar tilkynningar frá læknum um þessar skoðanir og kemur í ljós að flestir einstaklinganna kvarta um ertingu í augum og öndunarvegi sem oft er ekki hægt að staðfesta með vissu við skoðun en í öðrum tilfellum hafa komið fram einkenni um roða og ertingu í slímhúðum. Nokkrir einstaklingar með undirliggjandi öndunarfærasjúkdóma hafa einnig kvartað um aukningu á

einkennum frá öndunarfærum og þurft meiri lyfjagjöf en venjulega. Hins vegar hefur ekki verið hægt að staðfesta alvarleg einkenni sem rekja má til mengunarinnar.

Sóttvarnalæknir hefur tekið saman fjölda greininga ákveðinna öndunarfærasjúkdóma frá Heilsugæslu Suðurnesja þann tíma sem verksmiðjan hefur verið starfrækt og hefur ekki greint aukningu á þessum sjúkdómum. Ennfremur hefur ekki orðið vart aukningar á ávísunum astmalyfja til íbúa svæðisins á þessum tíma.

Unnið er á mælingum á hugsanlegum eiturefnum í andrúmslofti í nágrenni verksmiðjunnar og benda niðurstöður til að einkennin geti stafað frá anhydríðum og/eða formaldehyde sem merki eru um að finnist í útblæstri verksmiðjunnar. Hins vegar er ólíklegt að þessi efni berist í það miklu magni til íbúabyggðar að þau valdi alvarlegum heilsuspillandi áhrifum. Sóttvarnalæknir og Umhverfisstofnun hafa farið fram á að mælingar á þessum efnum verði gerðar í íbúabyggð svo hægt verði að meta betur hugsanleg heilsuspillandi áhrif þeirra.



Ljósmynd: United Silicon í Helguvík